



BÓKASAFN AKRANESS

Ársskýrsla 2017

ÚTDRÁTTUR:
Rafbókasafnið var opnað 30. janúar 2017. Fyrst í stað höfðu einungis lánþegar Borgarbókasafnsins heimild til að nýta sér efni á þessu nýja bókasafni en frá og með 1. júní 2017 náði þjónustan til lánþega þrettán annarra almenningsafna vítt og breitt um landið. Bókasafn Akraness var eitt safnanna, sjá bls.7.

Halldóra
Jónsdóttir



<http://hvar.is>



Lykiltölur 2017:

Útlánuð gögn: 42.263 (47.866) *

Útlán Rafbókasafn, frá 1. júní: 171 útlán. Hljóðbækur 24 og 147 rafbækur.

Útlán á per íbúa: 5.81 (6.92) safngögn. Lán per lánþega: 26,68 safngögn

Millisafnalán: 399 (342) safngögn.

Skráðir lánþegar í árslok 2016: 1.584 (1.630). Þriggja ára tímabil, tölur liggja ekki fyrir.

Heimsóknir (skipulagðar) leikskólabarna: 8/4 (17/3) heimsóknir; 169 (307) börn.

Heimsóknir grunnskólanema: 20(31) heimsóknir; 356 (790) börn.

Þjónustutími: 33/30 (43/40) klst. á viku 279/ (280) dagar.

Netkaffitölva: 5-10 manns á viku (ekki talið, áætlað).

Svöfusalur: aðgangskort: 30 (30).

Bókin heim og útlán á Höfða: 1.811 (1.981). Virkir lánþegar: 14 (14)

Safnkostur skráður í Gegni í árslok 2017: 84.803 (83.241).

Starfsfólk: Fastráðið í 3,5 (3,5) stöðugildi og lausráðið 0,50 (0,25) stöðugildi.

Íbúafjöldi á Akranesi 1. des. 2017: 7.270 (6.908)

Talning gesta á viðburðum: 4.710 (3.019)

*Til samanburðar eru tölur frá árinu áður í sviga ().

Stjórn safnsins og starfsfólk

Bókasafnið heyrir undir menningar- og safnanefnd Akraneskaupstaðar.

Formaður er Ingbór Bergmann Þórhallsson (D). Ella María Gunnarsdóttir er forstöðumaður menningar- og safnamála. Bókasafnið starfar samkvæmt bókasafnslögum nr. 150/2012.

Starfsfólk

Við bókasafnið störfuðu 6 starfsmenn. Fastráðið er í 3,5 stöðugildi og lausráðið er í 0,50 stöðugildi.

Bæjarbókavörður er Halldóra Jónsdóttir. Bókaverðir eru Ásta Björnsdóttir, Helgi S. Steindal og Tinna Rós Þorsteinsdóttir. Geirlaug Jóna Rafnsdóttir er í 25% starfi, ráðin samkvæmt vinnustaðasamningi við Vinnumálastofnun.

Lausráðinn sumarstarfsmaður og bókavörður á helgarvöktum yfir vetrartímann var Hanna Louisa Guðnadóttir, nemi í FVA. Breyting varð á starfsmannahaldi á árinu, Erla Dís sagði starfi sínu lausu og Tinna Rós Þorsteinsdóttir ráðin í hálf starf bókavarðar. Freyr Karlsson (frá Fjöliðjunni) vinnur einn morgun í


viku (2 klst) yfir vetrarmánuðina. Stöðugildi háskólamenntaðra starfsmanna er 1 á móti 2 1/2 stöðugildi bókavarda.

Útlán

Á árinu voru lánuð út 42.263 (47.866) safngögn, fækkun frá fyrra ári.

U03 – Útlána og endurlán eftir lánþegastaðu og kyni

Lánþegastaða	Karl	Kona	Ótilgreint	Samtals
Samtals	8.800	32.145	776/542	42.263/47.866
01 / 18-66 ára	2.692	15.595	797/374	19.458
03/ 0-17 ára	3.084	5.344	168/35	8.631
04 / Frítt skírteini	2.871	8.239	0/	11.110
06 / Bókin heim	119	2.097	0	2.216
08/ Stofnanir			449/	449
80/ MSL innlend söfn			399	399



Notkun á sjálfsafgreiðsluvél var 5.478 útlán og 6.009 skil, eða 12,9%.

Bókin heim

119 þjónustubeiðnir bárust safninu um *Bókina heim*. Lánuð voru 1.811 safngögn, þar af 548 hljóðbækur. Bókavörður fer til skjólstaðinga sinna á 4 vikna fresti með safngögn að vali hvers skjólstaðings.

Safnkostur

E01 -Eintök eftir efnistegund

Eintök eftir efnistegund	2017	2016
Samtals	84.803	83.241
Bók	61.006	59.708
Gagnasett	209	220
Geisladiskur /Mp3	844	831
Geisladiskur/hljóðbók	685+603=1288	1203
Hljómplata	36	36
Innb. Tímarit	2.043	1.985
Kort(map)	17	17
Myndband(video)	52	58
Mynddiskur (dvd)	1084	1051
Nótur	115	115
Snælda(audio) /hljóðbók	73+16=89	74
Tímaritshefti	17.978	17.885
Tæki(Equip)	7	7
Tölvugögn	24	28
Spil	11	5

Safneign hefur aukist um 1562 safngögn.

Á árinu bættust við 1.122 (1.295) safngögn útgefin árið 2017 eða 686 (784) titlar. Allur safnkostur er skráður í Gegni, samskrá íslenskra bókasafna og leitabær á leitir.is.

Lánþegar L01- Lánþegar eftir lánþegastöðu

Lánþegastaða	Karl	Kona	Ótilgreint	Samtals
Samtals	473	1081	30	1584
01 – 18-66 ára	146	519	0	665
03 – 0-17 ára	232	297	0	529
04 – Frítt skírteini	91	252	0	343
06 – Bókin heim	3	11	0	14
08 - Stofnanir			18	18
80 – MSL innlend söfn			15	15

Barnastarf

Safnið býður upp á sögustundir; safnkynningar; safnfræðsla; bókaverðlaun barnanna; ritsmiðja fyrir börn, sem var í umsjón Þorgríms Þráinssonar;

Barnamenningarhátíð sunnan Skarðsheiðar; Einu sinni var... sumarlestur 2017; Öskudagurinn.

Barnamenningarhátíð sunnan Skarðsheiðar

Í upphafi árs 2017 var gengið frá samningi við SSV um Barnamenningarhátíð í samstarfi við Bókasafn Akraness. Forsenda SSV var að unnið sé með miðstig grunnskólanna. Ella María Gunnarsdóttir forstöðumaður menningar- og safnamála Akraneskaupstaðar og Halldóra Jónsdóttir bæjarbókavörður Bókasafns Akraness sáu um verkstjórn hátíðarinnar.

Barnamenningarhátíð var haldin á Akranesi á Vökudögum, með þátttöku nemenda á miðstigi í grunnskóla og kennara þeirra, í grunnskólum sunnan Skarðsheiðar, þ.e. Brekkubæjarskóla, Grundaskóla og Heiðarskóla.

Þema hátíðarinnar var Bókmenntir og listir (tengt svæðinu) og unnið út frá hugmyndafræðinni **menning fyrir börn, menning með börnum, og menning sköpuð af börnum**. Menningararfur sem felst í gömlu prentverk frá Leirárgörðum og Beitistöðum var t.d. skoðað.

Skólarnir tilnefndu fulltrúa til þátttöku í verkefninu og boðuðu verkefnastjórar til fjögurra hugarflæðis- og vinnufunda.

Ákveðið var að fá Áslaugu Jónsdóttur frá Melaleiti í Hvalfjarðarsveit, listakonu og rithöfund í heimsókn í skólana, og sýndi hún nemendum vinnubrögð sín, bæði við að skapa sögu og myndskreytingar í bókum. Þá kom Sigurbjörg Þrastardóttir skáld í heimsókn í Brekkubæjarskóla og Grundaskóla, en þar voru nemendur að vinna við ljóðagerð. Kennarar settu síðan upp smíðjur þar sem gestir gátu skoðað vinnu og listsköpun nemenda. Sýningarnar voru hluti af dagskrá Vökudaga, en segja má að barnamenningarhátíðin hafi verið rauður þráður í dagskrá Vökudaga 2017. Halldóra Jónsdóttir bæjarbókavörður setti hátíðina (26. okt kl. 11). Opnunaratriði hátíðarinnar samanstóð af tveimur dönsum (Flash mob atriði) sem allir sjöttu bekkingar úr Grundaskóla, Brekkubæjarskóla og Heiðarskóla fluttu. Að því búnu voru þrjár sýningar barnamenningarhátíðar opnaðar en á þeim var sköpun sjöttu bekkinga skólanna gerð skil með fjölbreyttum hætti. Sýningarstaðirnir þrír voru: Tónlistarskólinn, Bókasafnið og Guðnýjarstofa á Byggðasafninu í Görðum.

Improv Íslands er hópur sem býður upp á spunasýningar, þar sem þátttaka

gesta í sal er hluti af gjörningnum. Til að bjóða upp á **menningu fyrir börn** var ákveðið að kynna þetta form fyrir nemendum með því að bjóða þeim á sýningu með hópnum.

Sumarlestur

Þema sumarlestur var “**Gestir utan úr geimnum**”. Verkefnið var miðað að börnum 6 – 12 ára, stóð yfir frá 1. júní og til 11. ágúst 2017.

185 (196) börn skráðu sig í lesturinn og þarf af voru 119(149) börn virk.

Hvað var lesið mikið:

Börnin lásu 1.339 (1.200) bækur, samtals 79.608 (67.632) blaðsíður.

Að jafnaði hefur því hvert barn lesið um 11 (8) bækur / 688 (456) bls.

Sá sem las mest las **3546 blaðsíður** og sá sem las flestar bækur las **80 bækur**.

24 börn lásu meira en 1000 blaðsíður.

9 börn lásu meira en 2000 blaðsíður.

Aldurskipting þátttakenda:

Stúlkur voru í meirihluta þátttakenda. Skipting milli kynja var á þessa leið:

Stúlkur	Drengir
80 (82)	39 (67)

Flest börnin voru úr Brekkubæjarskóla og Grundarskóla en einnig eru þó nokkur úr Heiðarskóla eða gestkomandi í bænum. Aldurskipting var sem hér segir:

5 ára – 0 (2) börn	9 ára – 26 (22) börn
6 ára – 26 (26) börn	10 ára – 23 (22) börn
7 ára – 47 (34) börn	11 ára – 25 (12) börn
8 ára – 31 (26) börn	12 ára og eldri – 7 (5) börn

Skóli	Fjöldi – skráðir þátttakendur	Hlutfall
Grundaskóli	95	51,6 %
Brekkubæjarskóli	81	43,5%
Heiðarskóli	9	4,9%
Samtals	185	

Sumarlestrinum lauk með **Húllumhæ hátíð**, miðvikudaginn 16. ágúst. Ævar Þór rithöfundur var heiðursgestur og tóku 100 (50) börn tók þátt í hátíðinni en alls voru gestir um 150 (60) manns.

Sýningar

- Fjaðrafök / Klara Árný Harðardóttir, kennaranemi sýndi olfumálverk. Fyrsta sýning ungrar listakonu frá Akranesi.
- Vorsýning yngsta stigs Grundaskóla. Nemendur sýndu verk unnin í skólastarfi.
- Álfabækur / Guðlaugur Arason. Rithöfundurinn og myndlistarmaðurinn Gulli Ara sýndi myndverkin sín, Álfabækur.
- Barnamenningarhátíð, sýningar nemenda voru að hluta til á bókasafninu.
- “Munið eftir smáfuglunum”/Kolbrún S. Kjarval bæjarlistamaður 2017 sýndi leirlistaverk.
- Jólasýning bókasafnsins.

Viðburðir

Bókasafnið stóð fyrir fjölbreyttum viðburðum á árinu: Bókmenntakvöld á Vökudögum; Barnamenningarhátíð; Fjölskyldusöngstund í umsjón Valgerðar Jónsdóttur; Leshringur; Norræna bókasafnavikan; Bókasafnsdagurinn 8. september. Sögugöngur; Foreldramorgnar.

Gestir á viðburðum og sýningum samtals 4.710

Samtals gestir á *Viðburðum* og á *Sýningum* í húsakynnum safnsins á árinu voru 4.710. Þar af hafa samtals 525 grunnskólanemar og leikskólabörn komið í safnkynningu eða safnheimsókn á árinu.



Foreldramorgnar

Foreldramorgnar hófu göngu sína fimmtudaginn 5. október. Kaffispjall og samvera, þar sem foreldrar, verðandi foreldrar og ungbörn voru boðin velkomin. Í fyrstu var opið hús 1. og 3ja fimmtudag í mánuði. Þátttaka varð strax góð. Opið hús var í 7 skipti á árinu og komu 29 gestir.

Þjónusta

Safnið veitir fjölbreytta þjónustu, s.s. Bókin heim; Leshringur fyrir fullorðna; Handsverksfundi fyrir áhugasama þrjónara og heklara. Aðstaða fyrir námsfólk er í Svöfusal, en um 30 aðilar hafa aðgang að salnum með aðgangskorti. Þá eru sýningar og viðburðir fastir liðir í starfsemi safnsins. Fjöldi fólks leggur leið sína í safnið án þess að taka bækur eða önnur safngögn. Les blöðin, skoðar sýningar og spjallar við náungann.

Styrkir

Bókasafnið hlaut þrjá styrki frá Uppbyggingarsjóði Vesturlands til að standa fyrir menningarviðburðum. Á Írskum dögum var bókmenntaganga “Kellingar rifja upp minningar um hús og fólk” sem unnin var í samvinnu við Leikfélagið Skagaleikflokkurinn; Bókmenntakvöld á Vökudögum. Rithöfundar sem lásu upp voru: Jón Gnarr, Guðríður Haraldsdóttir, Halldór Armand, Kristín Ómarsdóttir, Gísli Pálsson, Kristín Steinsdóttir og Sigurbjörg Þrastardóttir sem stýrði dagskrá. Þá fékk safnið úthlutað styrk til að standa fyrir “Barnamenningarhátíð sunnan Skarðsheiðar” eins og fyrr segir frá í skýrslunni.

Að lokum.

Bókasafnið er aðili að mörgum samstarfsverkefnum safna:

Landskerfi bókasafna ehf. Þar er hafinn undirbúningur að vali á nýju bókasafnskerfi og hefur fulltrúi frá safninu tekið þátt í undirbúningsvinnu.

Landsaðgangur að rafrænum áskriftum, hvar.is. Landsaðgangur að rafrænum áskriftum - hvar.is veitir öllum sem tengjast Netinu um íslenskar netveitur aðgang að tímaritstgreinum tæplegra 22 þús. tímarita og þar af 5.478 tímaritum beint frá útgefendum. Ríflega 200 aðilar greiða fyrir aðganginn, þar á meðal eru almenningssafna vókn.

Rafbókasafnið, það var opnað 30. janúar 2017. Fyrst í stað höfðu einungis lánþegar Borgarbókasafnsins heimild til að nýta sér efni á þessu nýja bókasafni en frá og með 1. júní 2017 náði þjónustan til lánþega þrettán annarra almenningssafna vítt og breitt um landið. Bókasafn Akraness var eitt safnanna.

Veg og vanda að rekstrinum hafa Borgarbókasafn Reykjavíkur og Landskerfi bókasafna. Í safninu er fjölbreytt úrvali rafbóka og hljóðbóka. Flestar bækurnar eru á ensku en ráðgert er að í framtíðinni verði einnig hægt að fá íslenskt efni lánað í Rafbókasafninu.

Safninu bárist að venju fjölmargar bókaþjafir og annað safnefni. Þar á meðal eru pólskar bækur sem nýtast vel í safninu. Safnið þakkar kærlega fyrir góðar þjafir og hlýhug í garð safnsins.

28. mars 2018

Halldóra Jónsdóttir, bæjarbókaforsetur

Nokkrar skýrslur frá Landskerfi bókasafna ehf

L04 Nýir lánþegar eftir lánþegategund

Lánþegategund	Karl	Kona	Ótilgreint	Samtals
Samtals	116	149	6	271

08 Útlán og endurlán eftir efnistegund eintaks	
Efnistegund	Fjöldi
***** Samtals	41.721
Bók (BOOK)	35419
Gagnasett (KIT)	421
Geisladiskur (CD)	93
Geisladiskur/hljóðbók (CDSPO)	825
Innb. tímarit (ISSBD)	32
MP3-hljóðbók (MP3)	1499
Myndband (VIDEO)	1
Mynddiskur (DVD)	843
Nótur (MUSIC)	11
Snælda/hljóðbók (AUDSP)	2
Tímaritshefti (ISSUE)	2573
Tæki (EQUIP)	1
Tölvugögn (DIGIT)	1
Rafbækur	171
Annað	371
Útlán 2017	42.263

E03 Eintök eftir safndeild 2017	
Safndeild	Fjöldi
***** Samtals	84.803
1HD	30.337
1HDB	6.322
1HDH	123
ATTF	756
ATTH	4.015
BJORN	3.167
BYGGD	411
GEY1	31.555
HARS	4.612
HERA	339
LISS	1
LJOS	35
NAERS	807
Ótilgreint	14
SKRIF	116
SMABA	2.193